

AUGLÝSING

74

29. apríl

um niðurgreiðslu á fiski.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að greiða niður verð á nýjum þorski og ýsu, sem selt er til neyzlu innanlands.

Greiddur verði niður fiskur, sem fiskverzlanir selja. Niðurgreiðslan verður kr. 0.32 á kg af ýsu og kr. 0.25 á kg af þorski, hvort tveggja miðað við slægðan fisk með haus.

Fiskifélag Íslands mun annast niðurgreiðsluna og ber fiskverzlunum að senda kröfur sínar um niðurgreiðslu þangað. Kröfum ber að fylgja vottorð löggilts vigtarmanns um kaup viðkomandi verzlunar á nýjum þorski og ýsu til innanlandsneyzlu og önnur þau gögn, sem Fiskifélagið kann að krefjast.

Þá hefur verið ákveðið að hækka niðurgreiðslu á saltfiski þannig, að hún verði kr. 2.25 á kg af fullþurrkuðum 1. flokks fiski, ef fiskurinn er seldur til verzlana, en kr. 1.85 á kg, ef framleiðandi selur beint til neytenda. Mun Fiskifélagið einnig annast framvegis niðurgreiðslu á saltfiski.

Viðskiptamálaráðuneytið, 29. apríl 1957.

Lúðvík Jósepsson.

Dórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

75

30. apríl

um breyting á reglugerð nr. 181 3. október 1953, um hina almennu deild hlutabreytingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

Töluliður 7, 8, 9, 10, 25, 26, 30 og 34 í b-lið 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

7. svæði: Hafnarfjörður
 1. janúar — 15. maí
 1. september — 31. desember
8. svæði: Reykjavík
 1. janúar — 15. maí
 1. september — 31. desember
9. svæði: Akranes
 1. janúar — 15. maí
 1. september — 31. desember
10. svæði: a. Hellissandur
 1. janúar — 15. maí
 b. Rif
 1. janúar — 15. maí
 1. október — 31. desember
 c. Ólafsvík
 1. janúar — 15. maí
 1. október — 31. desember

- 75 25. svæði: Ólafsfjörður
 30. apríl 1. febrúar — 20. júní.
 20. september — 30. nóvember
26. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd, Grenivík
 1. apríl — 15. desember
30. svæði: Vopnafjörður
 1. júní — 31. október
34. svæði: Fáskrúðsfjörður
 1. febrúar — 31. maí
 1. júní — 30. nóvember

2. gr.

Töluliður 8 og 10 í c-lið 3. gr. orðist svo:

8. svæði: Reykjavík
 15. febrúar — 11. maí
 1. september — 31. desember
10. svæði: Hornafjörður
 1. marz — 11. maí

3. gr.

Töluliður 22, 27, 30, 34 og 43 í d-lið 3. gr. orðist svo:

22. svæði: Steingrímsfjörður
 15. júlí — 31. október.
27. svæði: Ólafsfjörður
 1. apríl — 30. nóvember
30. svæði: a. Húsavík
 1. apríl — 15. nóvember
 b. Flatey
 1. apríl — 15. nóvember
34. svæði: Vopnafjörður
 15. maí — 31. október
43. svæði: Þorlákshöfn
 1. marz — 11. maí

4. gr.

Með reglugerð þessari fellur úr gildi reglugerð nr. 17 4. febr. 1957, um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátatryggingasjóðs.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátatryggingasjóðs, og öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. apríl 1957.

Lúðvík Jósepsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.